

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 13. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

48. gr. orðist þannig:

Kennslugreinar í lagadeild eru þessar:

- 1.1. Almenn lögfræði.
- 1.2. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur.
- 1.3. Stjórnskipunarréttur, stjórnarfarsréttur og ágríp af þjóðarétti.
- 1.4. Fjármunaréttur.
- 1.5. Refsiréttur.
- 1.6. Réttarfar.
- 1.7. Æfingar í úrlausn raunhæfra verkefna.
- 2.1. Afbrotufræði.
- 2.2. Alþjóðlegur einkamálaréttur.
- 2.3. Félagaréttur.
- 2.4. Hagfræði.
- 2.5. Opinber stjórnsýsla.
- 2.6. Réttarsaga.
- 2.7. Sjóréttur.
- 2.8. Skattaréttur.
- 2.9. Vátryggingaréttur.
- 2.10. Þjóðaréttur.
- 3.1. Sérstakar kjörgreinar, sbr. 49. gr. a III. og 49. gr. b. II.

2. gr.

49. gr. a orðist þannig:

Námi til embættisprófs í lögfræði skal skipta í þrjá hluta.

I. Kennslugreinar í fyrsta hluta eru þessar:

- 1.1. Almenn lögfræði.
- 1.2. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur.
- 1.3. Stjórnskipunarréttur, stjórnarfarsréttur og ágríp af þjóðarétti.
- 1.4. Fjármunaréttur.
- 1.7. Æfingar í úrlausn skriflegra verkefna.

Kennslu í almennri lögfræði skal haga þannig, að prófi í þeirri grein verði lokið í lok fyrsta námsárs. Vera skal eitt skriflegt próf í greininni, og þarf 1. einkunn til að standast það.

Æfingar skulu vera í úrlausn skriflegra verkefna, en ekki skal prófa í þessari grein.

Kennslu í öðrum greinum í 1. hluta skal haga þannig, að prófum í þeim verði lokið í lok 2. námsárs. Í fjármunarétti skal vera eitt skriflegt próf og einkunn ein. Í kennslugreinum 1.2 og 1.3 skulu vera tvö próf í hvorri grein, annað munnlegt, en hitt skriflegt, og skulu bæði vera á sama próftímabili. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf.— Lagadeild er heimilt að ákveða með samþykkt, sem birt skal eigi síðar en 15. október, að á því háskólaári skuli vera sérstök próf í námsefni, sem farið er yfir á því tímabili, í grein 1.2 og/eða grein 1.3. Kemur það próf þá í stað annars þeirra prófa, sem fyrr getur, fyrir þá stúdenta, sem fengið hafa einkunnina 9 eða hærri einkunn. Þegar þessi háttur er hafður á, skulu skrifleg próf koma í stað munnlegra prófa.

Stúdent skal hafa lokið 1. hluta prófi, áður en hann þreytir próf í 2. hluta.

II. Kennslugreinar í öðrum hluta eru þessar:

- 1.4. Fjármunaréttur.
- 1.5. Refsiréttur.
- 1.6. Réttarfar.
- 1.7. Æfingar í úrlausn raunhæfra verkefna.

Kennslu í 2. hluta skal haga þannig, að ljúka megi náminu á tveimur árum. Í greinum 1.4, 1.5 og 1.6 skulu vera tvö próf, bæði á sama próftímabili. Skal annað vera skriflegt, hitt munnlegt. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf. Í grein 1.7 skal vera eitt skriflegt próf, en einkunn í því hafa tvöfalt gildi. — Vera skulu sérstök próf í greinum 1.4, 1.5 og 1.6 miðuð við námsefni eins árs og ætluð stúdentum, sem óska að ljúka 2. hluta prófi í þessum greinum, einni eða fleiri, í tvennu lagi. Slíkt próf kemur í stað annars þeirra prófa, sem fyrr getur, fyrir þá stúdenta, sem fengið hafa einkunnina 9 eða hærri einkunn. Þegar þessi háttur er hafður á, skulu skrifleg próf koma í stað munnlegra prófa. — Á prófi í úrlausn raunhæfs verkefnis skal reyna á sem flesta þætti í prófgreinum 1. og 2. hluta.

Stúdent skal hafa lokið 2. hluta prófi, áður en hann þreytir próf í 3. hluta.

III. Kennsla í þriðja hluta.

Stúdent skal í samráði við umsjónarkennara sinn gera áætlun um nám sitt í þriðja hluta eftir nánari reglum, sem deildin setur. Ágreiningi um námsáætlun má skjóta til lagadeildar.

Stúdent skal velja tvær bundnar kjörgreinar (þ. e. greinar 2.1—2.10) og ljúka munnlegum prófum í þeim báðum. Gefin skal sérstök einkunn fyrir hvort próf, en meðaltal þeirra reiknast sem ein einkunn á embættisprófi. Að öðru leyti skal nám í 3. hluta að jafnaði vera á einu sviði og miða að framhaldsnámi í grein, sem stúdentinn hefur áður lagt stund á lagadeild, þ. e. greinum 1.1—1.6 og 2.1—2.10. Fyrir námsárangur skal gefa tvær einkunnir, ýmist fyrir próf eða ritgerð eftir ákvörðun í námsáætlun.

Lagadeild getur leyft, að námi í 3. hluta verði hagað með öðrum hætti en greint var, bæði þannig, að sérstakar kjörgreinar skv. lið 3.1 í 48. gr. verði viðfangsefni hans í deildinni, svo og að nám í öðrum háskóladeildum komi í stað náms í lagadeild og próf þar í stað prófa í lagadeild, allt eftir því sem nánar verður ákveðið í hvert sinn.

Nám í þriðja hluta skal stundað undir umsjón kennara, og kennslu með fyrirlestrum, samtölum, umræðufundum og æfingum skal haldið uppi, eftir því sem hag-

kvæmt og unnt er. Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í greinum 2.1—2.10, getur lagadeild ákveðið fyrir eitt ár í senn, að þær skuli ekki kenndar og viðurkenndar sem hluti af námi í 3. hluta.

3. gr.

49. gr. b orðist þannig:

I. Framhaldsnám. Í lagadeild skal halda uppi kennslu og leiðbeiningum fyrir kandidata, eftir því sem aðstæður leyfa. Skal stefnt bæði að leiðbeiningum fyrir einstaka kandidata, að námskeiðum fyrir hópa og að reglubundinni fræðilegri framhaldsmenntun. Kandidatar eiga kost á að fylgjast með kennslu fyrir stúdenta í 3. hluta, eftir því sem við verður komið. Að öðru leyti ákveður lagadeild, hvernig kennslu fyrir kandidata er hagað. Heimilt er að gefa út vottorð um nám þeirra að fullnægðum skilyrðum, sem deildin setur, t. d. um próf. Lagadeild setur nánari reglur um vottorð þessi.

II. Önnur fræðsla. Við lagadeild skal efna til fyrirlestra og annarrar fræðslu umfram það, sem talið hefur verið, eftir því sem aðstæður leyfa, og fer um það eftir nánari ákvörðunum deildarinnar hverju sinni.

Fræðsla þessi skal meðal annars miðuð við þarfir annarra háskóladeilda. Fer þá um próf eftir sérstakri ákvörðun hverju sinni.

III. Námsreglur. Lagadeild er heimilt að setja reglur um leiðbeiningar og umsjón með námi stúdenta, um skyldu þeirra til að leysa tiltekinn fjölda raunhæfra verkefna, meðan þeir er við nám í 2. hluta, um skyldu þeirra til að taka þátt í æfingum í tengslum við kennsluna, um skyldu þeirra til að halda seminarerindi og skila ritgerðum um afmörkuð efni.

IV. Námsvist á lögfræðistofum. Áður en stúdent segir sig til 3. hluta prófs, skal hann leggja fram skilríki fyrir starfi á lögfræðiskrifstofu í a. m. k. tvo mánuði, eftir að hann lauk 1. hluta prófi. Starfað skal hann hafa undir handleiðslu lögfræðings á skrifstofu í stofnun, þar sem reynir á lagaleg atriði. Lagadeild setur nánari reglur um þetta starf, m. a. um, að umsjónarkennari samþykki fyrirfram, hvar það skuli stundað og hvenær.

V. Námsstími. Kennslu í lagadeild skal haga þannig, að stefnt sé að því, að embættisprófi sé lokið eftir 5 ára nám.

Stúdent skal ljúka prófi í almennri lögfræði ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt tvö ár í deildinni. Hann skal ljúka 1. hluta prófi ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt fjögur ár í deildinni. Hann skal ljúka embættisprófi ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt sjö ár í deildinni. Ef stúdent lýkur ekki prófum samkvæmt framanskraðu, ber að taka nafn hans af skrá yfir nemendur lagadeildar. Lagadeild getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef veikindi eða svipaðar vítaleysisástæður koma til.

VI. Próf. Próf í almennri lögfræði og lokapróf í 1., 2. og 3. hluta skal halda í maí—júní og september. Þá skal og halda áfangapróf í 1. og 2. hluta. Önnur próf skal halda eftir ákvörðun deildarinnar hverju sinni.

Embættispróf er fólgið í prófum 1., 2. og 3. hluta, og skulu einkunnir lagðar saman, eftir að einkunn í bundnum kjörgreinum hefur verið fundin skv. ákvæði 49. gr. a III. Þeir, sem lokið hafa embættisprófi, bera próftítilinn candidati juris (cand. jur.).

VII. Umsjónarkennarar og námsstjóri. Er stúdent hefur lokið 2. hluta prófi, skal deildarforseti velja einn af kennurum deildarinnar til að vera umsjónarkennari hans, og skal það gert í samráði við viðkomandi stúdent og kennara. Hlutverk umsjónarkennara er að fylgjast með námi stúdentsins í 3. hluta og leiðbeina honum. Ef stúdent óskar þess, að hann fái umsjónarkennara fyrr á námsferlinum, skal orðið við þeirri ósk, nema sérstök vandkvæði séu á því að dómi lagadeildar.

Lagadeild getur með samþykkt falið einum af kennurum deildarinnar að vera námsstjóri, og skulu verkefni hans ákveðin af deildinni.

VIII. Gildistaka o. fl. Reglur þær um lagakennslu, sem settar eru í reglugerð þessari, skulu gilda um þá stúdenta, sem innritast til laganáms eftir 1. júní 1970. Stúdentar, sem fyrr eru innritaðir, mega haga námi sínu og prófum eftir þessum ákvæðum, enda segi þeir til um það fyrir 1. apríl 1971. Síðast skal prófað eftir eldri reglugerðarákvæðum árið 1977. Stúdent, sem stundar nám eftir þeim og ekki hefur lokið embættisprófi 1977, skal felldur af skrá yfir nemendur lagadeildar. — Ákvæði III. og IV. töluliða þessarar greinar um námsreglur og námsvist í lögfræðistofum, skulu gilda um þá stúdenta, sem innritað hafa, áður en reglugerð þessi er sett og ekki stunda að öðru leyti nám eftir henni.

4. gr.

Í 59. gr. bætist, næst á eftir orðunum „... sbr. þó 46. gr. b 1 um próf í lyfjafræði lyfsala ...“: 49. gr. b VI. um próf í lagadeild.

5. gr.

50. gr. orðist þannig:

I. Kennslugreinar í viðskiptadeild eru þessar:

- 1.1. Bókfærsla.
- 1.2. Reikningshald I.
- 1.3. Reikningshald II.
- 1.4. Reikningshald III.
- 1.5. Stærðfræði I.
- 1.6. Stærðfræði II.
- 1.7. Tölfræði.
- 1.8. Skrifstofustörf.
- 1.9. Rafreiknar I.
- 2.1. Íslensk haglýsing.
- 2.2. Enska.
- 2.3. Lögfræði.
- 2.4. Almenn þjóðhagfræði.
- 2.5. Almenn rekstrarhagfræði.
- 3.1. Stjórnun I.
- 3.2. Stjórnun II.
- 3.3. Fjármál fyrirtækja I.
- 3.4. Fjármál fyrirtækja II.
- 3.5. Sala I.
- 3.6. Sala II.
- 3.7. Framleiðsla I.
- 3.8. Framleiðsla II.
- 3.9. Þjóðhagfræði II.
- 4.0. Þjóðhagfræði III.
- 4.1. Opinber stjórnarsýsla.
- 4.2. Stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur.
- 4.3. Skattaréttur, skattskil.
- 4.4. Almenn hagsaga.
- 4.5. Saga hagfræðikenninga.
- 4.6. Hagkerfi.
- 4.7. Félagsmálhagfræði.

- 4.8. Hagrannsóknir.
- 4.9. Stærðfræðileg hagfræði.
- 5.0. Áhættukennningar.
- 5.1. Hagræn landafræði.
- 5.2. Aðgerðarrannsóknir.
- 5.3. Rafreiknar II.
- 5.4. Reikningshald IV.
- 5.5. Endurskoðun.
- 5.6. Vinnusálfræði.
- 5.7. Utanríkisverzlun og alþjóðastofnanir.
- 5.8. Fyrirtækið og þjóðfélagið.
- 5.9. Vinnurannsóknir.
- 6.0. Markaðsrannsóknir.
- 6.1. Samgönguhagfræði.
- 6.2. Fiskihagfræði.
- 6.3. Félagsfræði.
- 8.1.—
- 8.9. Erlend tungumál, skv. nánari ákvörðun deildar.
- 9.0. Ritgerð um efni, sem stúdent velur í samráði við prófessor í deildinni, skv. nánari ákvörðun deildar.

Kennslugreinar 1.1—2.5 eru fyrri hluta greinar. Kennslugreinar 3.1—9.0 eru síðari hluta greinar. Greinar 3.1—3.8 eru í fyrirtækjakjarna og greinar 4.1—4.3 ásamt greinum, 3.1, 3.3, 3.7 og 3.9 og 4.0 í almennum kjarna, sbr. II. kafla þessarar reglugerðar.

Kennslugreinar 4.4—8.9 eru kjörgreinar. Greinar 3.1—4.3, sem ekki eru í kjarna, sem valinn er (fyrirtækjakjarni, almennur kjarni), eru einnig kjörgreinar eftir því, sem við á. Hluti kjörgreina (12 námseiningar, sbr. IV. kafla þessarar reglugerðar) skal mynda sérstakt kjörsvið samkvæmt nánari reglum, sem deildin setur, sbr. III. kafla þessarar reglugerðar. Hluti kjörgreina (9 námseiningar) er eftir frjálsum vali úr greinum, sem kenndar eru í síðari hluta í viðskiptadeild og mynda hvorki kjarna né kjörsvið samkv. framansögðu. Heimilt er einnig að velja frjálssar kjörgreinar í öðrum deildum með samþykki viðskiptadeildar og þeirrar deildar, sem á hlut að máli hverju sinni.

Viðskiptadeild ákveður námsefni í hverri einstakri námsgrein, hvort skylda skuli stúdenta til að skila ritgerðum um tiltekin efni, hvort halda skuli æfingar í einstökum kennslugreinum og hvernig þeim æfingum skuli háttað. Við ákvarðanir þessarar skal jafnan haft samráð við kennara í viðkomandi grein. Heimilt er deildinni að meta vinnu stúdenta í fyrirtækjum og stofnunum og vinnu við ákveðin verkefni utan deildar jafngilda samningu ritgerða og þátttöku í æfingum.

Viðskiptadeild ákveður, hvenær tímabært er að hefja kennslu í einstökum kjörgreinum innan þess ramma, sem fjárveitingar leyfa. Eftir að kennsla í kjörgrein er hafin er viðskiptadeild heimilt að fella niður kennslu einstök ár, ef ekki fæst, að dómi deildarinnar, næg þátttaka stúdenta, eða ef ekki er, að dómi deildarinnar kostur hæfra kennslukrafta, en stúdent skal þó heimilt að þreyta próf í viðkomandi grein.

Kennslu í fyrri hluta skal haga þannig, að farið sé yfir allt námsefnið árlega, og við það miðað, að hægt sé að ljúka prófi í fyrri hluta á tveimur árum.

Kennslu í síðari hluta skal haga þannig, að farið sé yfir námsefni í kjarnagreinum árlega, en námsefni í öðrum greinum a. m. k. annað hvert ár með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum þessarar greinar.

II. Próf í viðskiptafræðum.

Fyrri hluta próf.

Prófgreinar í fyrri hluta eru þessar:

- 1.1. Bókfærsla.
- 1.2. Reikningshald I.
- 1.3. Reikningshald II.
- 1.4. Reikningshald III.
- 1.5. Stærðfræði I.
- 1.6. Stærðfræði II.
- 1.7. Tölfræði.
- 1.8. Skrifstofustörf.
- 1.9. Rafreiknar I.
- 2.1. Íslensk haglýsing.
- 2.2. Enska.
- 2.3. Lögfræði.
- 2.4. Almenn þjóðhagfræði.
- 2.5. Almenn rekstrarhagfræði.

Prófgreinar 1.1—2.5 mynda einn prófhluta í merkingu 2. málsgr. 68. gr. háskóla-reglugerðar, sbr. þó næstu málsgr.

Heimilt er viðskiptadeild að krefjast lágmarkseinkunnar 9 í prófgreinum 1.1, 2.4 og 2.5, enda séu reglur þar að lútandi tilkynntar fyrir upphaf kennsluárs.

Próf skulu vera skrifleg, en jafnframt einnig verklegt próf í kennslugrein 1.8. Heimilt er þó að hafa munnlegt próf í prófgreinum 2.1, 2.3 og 2.4, enda ákveði deildin það innan mánaðar frá því að kennsla hefst í viðkomandi grein á hverju ári.

Vægi prófgreina skal miða við námseiningafjölda þeirra, sbr. IV. kafla þessarar reglugerðar.

Þessar greinar eru metnar 6 námseiningar: 1.7, 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 2.5. Aðrar greinar fyrri hluta eru metnar 3 námseiningar.

Stúdent er heimilt að þreyta próf í einstökum prófgreinum í lok yfirferðar. Hafi hann ekki neytt þess réttar um einhverja grein, skal hann þreyta próf í greininni við lok næstu yfirferðar yfir hana eða samtímis því og hann gengur undir síðustu próf í fyrri hluta.

Síðari hluta próf.

Síðari hluta próf er samsett af kjarna, kjörsviði, frjálsum kjörgreinum og ritgerð.

Kjarni er metinn 30 námseiningar, kjörsvið 12 einingar, frjálsar kjörgreinar 9 einingar og ritgerð 9 einingar.

Stúdent getur valið milli tveggja kjarna, A og B. A er fyrirtækjakjarni, B er almennur kjarni.

Prófgreinar í fyrirtækjakjarna (A) eru þessar:

- 3.1. Stjórnun I.
- 3.2. Stjórnun II.
- 3.3. Fjármál fyrirtækja I.
- 3.4. Fjármál fyrirtækja II.
- 3.5. Sala I.
- 3.6. Sala II.
- 3.7. Framleiðsla I.
- 3.8. Framleiðsla II.

Prófgreinar í almennum kjarna (B) eru þessar:

- 3.1. Stjórnun I.
- 3.3. Fjármál fyrirtækja I.
- 3.7. Framleiðsla I.
- 3.9. Þjóðhagfræði II.
- 4.0. Þjóðhagfræði III.
- 4.1. Opinber stjórnsýsla.
- 4.2. Stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur.
- 4.3. Skattaréttur, skattskil.

Prófgreinar í kjörsviði eru mismunandi eftir samvali greina, sbr. einnig III. kafla, um val kjörsviða. Próf í frjálsum kjörgreinum fer einnig eftir vali greina.

Prófgreinar í síðari hluta mynda allar einn prófhluta í merkingu 2. málsgr. 68. gr. háskólareglugerðar.

Próf skulu vera skrifleg, nema viðskiptadeild kveði á um aðra tilhögun almennt eða í einstökum tilvikum, enda sé slík ákvörðun tekin innan mánaðar frá því að kennsla hefst í viðkomandi grein á hverju ári. Ef próf eru tekin við aðrar deildir, fer eftir ákvæðum þeirra deilda um próftilhögun.

Vægi prófgreina skal miða við námseiningafjölda þeirra, sbr. IV. kafla þessarar reglugerðar. Greinar 3.9 og 4.0 eru metnar 6 námseiningar, greinar 3.2, 3.4 og 3.6 á 5 námseiningar og greinar 3.1, 3.3, 3.5, 3.7, 3.8, 4.1, 4.2, 4.3 og kjörgreinar 4.4—6.3 á 3 námseiningar. Greinar 8.1—8.9 (erlend tungumál) skulu metnar sérstaklega af viðskiptadeild að höfðu samráði við stjórnir þeirra deilda, sem tungumálin eru kennd í.

Ritgerð er metin 9 námseiningar. Efni hennar skal vera úr sviði kjarna eða kjörsviðs og vera valið í samráði við a. m. k. einn prófessor deildarinnar fyrir lok kennslu á fyrsta ári í síðari hluta. Ritgerðina skal afhenda deildarforseta í tveimur vélrituðum eintökum, áður en stúdent lætur skrá sig til lokaprófs í síðari hluta.

Stúdent er heimilt að þreyta próf í einstökum prófgreinum í lok yfirferðar. Hafi hann ekki neytt þess réttar um einhverja grein, skal hann þreyta próf í greininni við lok næstu yfirferðar yfir hana eða samtímis því og hann gengur undir próf í síðari hluta.

III. Val kjörsviða.

Viðskiptadeild setur sjálf reglur um val kjörsviða, bæði að því er tekur til samvals námsgreina og tímasetningar valsins. Stúdent skal þó aldrei velja sér kjörsvið síðar en í aprilmánuði á fyrra ári í síðari hluta. Kennsla á kjörsviði skal að jafnaði vera á öðru ári í síðari hluta og vera metin 12 námseiningar sbr. næsta kafla.

IV. Námseiningar.

Fyrri hluta nám er metið 60 námseiningar og síðari hluta nám er einnig metið 60 námseiningar. Misserisnám í deildinni er þannig að jafnaði metið 15 námseiningar. Að baki hverri námseiningu skal að jafnaði vera a. m. k. 1 vikuleg misseris-kennslustund eða 1 námsvika.

Ritgerð, sbr. kennslugrein 9.0 er metin 9 námseiningar.

V. Kennsluár og árlegur próftími.

Próf skal halda 7.—20. janúar, í maí og júní og 1.—15. sept.

Hautpróf skal þó binda við þá eina, sem eru að ljúka fyrri hluta prófi, eða síðari hluta prófi. Enn fremur er heimilt að láta þetta síðasta ákvæði ná til upptöku-prófa.

VI. Námstími.

Kennslu í viðskiptadeild skal haga þannig, að hægt sé að ljúka fyrri hluta prófi eftir tveggja ára nám og síðari hluta prófi eftir tveggja ára nám til viðbótar.

Ekki má liða lengri tími en 6 kennslumisseri frá innritun þar til lokið er fyrri hluta prófi. Ef út af bregður, fer stúdent af skrá og próf, sem hann hefur tekið, falla úr gildi.

Ekki má liða lengri tími en 6 kennslumisseri frá því, er stúdent lýkur fyrri hluta prófi, þar til hann lýkur síðari hluta prófi. Ef út af bregður, fer stúdent af skrá og próf, sem hann hefur tekið, falla úr gildi.

Viðskiptadeild getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um tímatak-mörk, ef stúdent hefur verið veikur eða öðrum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

VII. kafli.

Viðskiptadeild annist, eftir því sem fjárveitingar og kennslukraftar leyfa, upp-riðjunar- og framhaldsnámskeið fyrir kandidata og ennfremur almenn námskeið og fyrirlestra, eftir því sem efni standa til.

VIII. Gildistaka.

Reglur þær um nám í viðskiptafræðum, sem hér eru settar, skulu gilda um stúdenta, sem innritast eftir 1. júní 1970.

Kandidatspróf samkvæmt eldri tilhögun skal haldið í síðasta skipti vorið 1975.

6. gr.

56. gr. orðist svo:

Kennsla og nám í verkfræði- og raunvísindadeild.

a. Hlutverk deildarinnar.

Hlutverk deildarinnar er kennsla og rannsóknir á sviði raunvísinda hreinna og hagnýtttra. Deildin stuðlar að stjálftæðri rannsóknarstarfsemi kennara sinna og getur tekið tillit til hennar við verkaskiptingu innan deildarinnar. Deildin stuðlar að eflingu raunvísinda í landinu með því meðal annars að vinna að bættri aðstöðu til rannsókna og starfa á því sviði. Deildin er stjórnvöldum til ráðuneytis um mál á sviði raunvísinda, eftir því sem ákveðið er á hverjum tíma.

b. Stjórn deildarinnar.

Stjórn deildarinnar er falin deildarfundum, deildarráði og deildarforseta.

b.1 Deildarfundur.

Á deildarfundum eiga sæti 1) allir fastráðnir kennarar, 2) aðrir kennarar, sem sæti eiga í deildarráði, 3) forstöðumenn rannsóknarstofa, er lúta deildinni og 4) fulltrúar stúdenta í deildarráði.

Deildarfundur hefur úrslitavald í málefnum deildarinnar. Hann kys deildarforseta ásamt varaforseta úr hópi prófessora til tveggja ára. Að fengnum tillögum frá stjórnarnefndum skora kys hann formenn þeirra til eins árs.

Deildarfundir skulu haldnir tvisvar á ári, annar að jafnaði í september og hinn í maí. Auk þess skulu deildarfundir haldnir, ef 1) deildarráð gerir um það sérstaka samþykkt, 2) þriðjungur þeirra, sem sæti eiga á deildarfundum, sendir deildarforseta skriflega ósk um það og 3) rektor eða deildarforseti telur nauðsyn til bera. Deildarforseti boðar deildarfundum, stýrir þeim, og sér um, að haldin sé fundargerðabók. Fundargerðir skulu fjölritaðar og sendar skorum. Deildarfulltrúi er fundarritari.

Milli deildarfunda fer deildarráð með ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar í umboði deildarfundar en deildarforseti annast venjuleg stjórnunarstörf. Honum til aðstoðar er deildarfulltrúi og annað starfslið á deildarskrifstofu.

b.2 Deildarráð.

Í deildarráði eiga sæti:

1. Deildarforseti.
2. Tveir fulltrúar úr hverri skor úr hópi kennara, og skal annar þeirra vera formaður stjórnarnefndar skorar.
3. Formaður námsnefndar.
4. Tveir fulltrúar stúdenta kjörnir á aðalfundi deildarfélaga ár hvert, einn frá hvoru félagi.

Deildarfulltrúi er ritari ráðsins.

Nýtt deildarráð tekur til starfa í upphafi háskólaárs.

Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti deildarinnar í forföllum hans.

Fulltrúum stjórnarnefnda skora er skylt að gera grein fyrir afstöðu skorar sinnar í málum, sem koma fyrir deildarráð og skorin hefur fjallað um, en eigi er þeim skylt að fara eftir samþykkt skorar, er þeir neyta atkvæðisréttar í deildarráði.

Deildarráð skal sjá um, að kennsla í deildinni fari fram í samræmi við lög og reglugerð háskólans og samþykktir deildarfunda.

Deildarráð gerir tillögur til háskólaráðs um ráðningu fastra starfsmanna við deildina og kýs fulltrúa í nefndir til að dæma hæfi umsækjenda um prófessors- og dósentembætti. Aðra starfsmenn deildarinnar ræður deildarráð.

Hlutverk deildarráðs er auk þess, sem áður getur, að vinna að samræmingu námsefnis og prófa, semja kennslu- og stundaskrár og leiðbeiningar fyrir kennara og stúdenta og gera áætlanir um fjár- og húsnæðisþarfir deildarinnar.

Deildarráð getur falið sérstökum nefndum með fulltrúum bæði frá deildinni og öðrum aðilum að vinna að tilteknum verkefnum, sem einkum varða framtíð deildarinnar. Með samþykki rektors skulu slík nefndarstörf vera launuð.

Fundargerðir deildarráðs skulu fjölritaðar og sendar skorum. Deildarráð ákveður, ef fara skal með mál sem trúnaðarmál.

b.3 Skorir.

Deildin skiptist í skorir eftir kennslugreinum. Að jafnaði skulu 2—5 prófessors-embætti heyra til hverri skor. Skipting kennslugreina milli skora er ákveðin á deildarfundum að vori og skal tilgreind í kennsluskrá.

Skorir eru fjórar:

1. Stærðfræðiskor.
2. Eðlisfræðiskor.
3. Verkfræðiskor.
4. Náttúrufræðiskor.

Fyrir hverri skor er stjórnarnefnd. Í henni eiga sæti eftirtaldir kennarar í kennslugreinum, sem heyra undir skorina:

1. Prófessorar.
2. Dósentar.
3. Lektorar.
4. Aðjúntar.

5. Forstöðumenn rannsóknarstofa deildarinnar, sem starfa á sviðum, er heyra undir skorina.
6. Einn fulltrúi stúdenta kjörinn í apríl ár hvert af félagssamtökum þeirra úr hópi stúdenta.

Nú fer kennari með kennslu í greinum, sem heyra undir tvær skorir eða fleiri, og ákveður þá deildarfundur til hvaða skorar kennarinn heyrir, en getur jafnframt veitt honum rétt til fundarsetu í öðrum stjórnarnefndum.

Hver stjórnarnefnd tilnefnir í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora eða dósentu og kýs jafnframt annan fulltrúa í deildarráð úr hópi kennara, sem sæti eiga í stjórnarnefndinni. Taka þeir sæti í deildarráði frá upphafi næsta háskólaárs. Deildarforseti getur ekki verið formaður stjórnarnefndar en á rétt til fundarsetu í sérhverri stjórnarnefnd.

Formaður stjórnarnefndar getur með samþykki nefndarinnar boðið stundakennara sæti í nefndinni um tiltekinn tíma.

Fundir í stjórnarnefndum skora skulu haldnir:

1. Þegar deildarforseti eða formaður stjórnarnefndarinnar telur nauðsyn til bera.
2. Þegar a. m. k. þriðjungur þeirra, sem sæti eiga í stjórnarnefndinni, senda formanni skriflega ósk um það.

Stjórnarnefndir eru deildarráði til ráðuneytis með sérstöku tilliti til mála, er varða viðkomandi skor. Skulu þær fylgjast með þróun hlutaðeigandi kennslugreina og gera m. a. tillögur um æskilegar breytingar á kennslu og prófum, nauðsynlegar fjárveitingar og um ný embætti.

Formaður stjórnarnefndar boðar nefndarfundi og stýrir þeim. Haldin skal fundargerðabók.

b.4 Deildarfulltrúi.

Deildin hefur í þjónustu sinni fastan starfsmann, sem nefnist deildarfulltrúi, og lýtur stjórn deildarforseta.

Deildarfulltrúi annast framkvæmdir fyrir deildina og veitir forstöðu skrifstofu deildarinnar. Hann annast þjónustu fyrir kennara og stúdenta deildarinnar og veitir stúdentum upplýsingar um tilhögun kennslu og prófa. Einnfremur sér hann um útgáfu kennsluskrár, stúdenta- og kennaratala, stundaskrár og próftöflu.

Deildarfulltrúi er ritari á deildarfundum og fundum deildarráðs og námsnefndar.

b.5 Námsnefnd.

Í námsnefnd eiga sæti fjórir fastráðnir kennarar, einn kosinn af hverri skor til eins árs í senn, fjórir stúdentar, sem stunda nám við deildina, kosnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn, og varaforseti deildarinnar, sem er formaður nefndarinnar.

Deildarfulltrúi er ritari nefndarinnar.

Kosning í námsnefnd fer fram í apríl og tekur nefndin til starfa við upphaf næsta háskólaárs.

Námsnefnd skal koma saman einu sinni á misseri hið minnsta og einfremur, ef þriðjungur nefndarmanna æskir þess.

Námsnefnd er heimilt að kveðja á fundi sína fleiri fulltrúa stúdenta og kennara, ef þurfa þykir, en ekki hafa þeir atkvæðisrétt.

Verkefni námsnefndar er:

1. Stöðugt endurmat á gildandi kennslufyrirkomulagi og námsefni.
2. Að fylgjast með þörfum þjóðfélagsins fyrir menntun á sviði verkfræði og raunvísinda.
3. Að fylgjast með öllu varðandi kennslu og nám í deildinni og gera tillögur til úrbóta ef þess er þörf.
4. Að gefa umsagnir um tillögur er lúta að námsskipan og öðrum málum, er varða bæði kennara og stúdenta.

Þeir kennarar, sem sæti eiga í námsnefnd, skulu veita stúdentum upplýsingar um námsleiðir og samval námsgreina, hver á sínu sviði.

b.6 Kennarafundir.

Boða skal til almenns kennarafundar í deildinni a. m. k. einu sinni á ári, og stýrir deildarforseti fundi.

c. Inntökuskilyrði.

Skilyrði til inntöku í verkfræðinám, svo og nám í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði sem aðalgrein, er stúdentspróf úr stærðfræðideild íslensks menntaskóla eða sambærilegt próf. Skilyrði til inntöku í nám í líffræði og jarðvísindum sem aðalgrein, er stúdentspróf úr stærðfræði- eða náttúrufræðideild eða sambærilegt próf. Deildin getur heimilað stúdentum með almennt stúdentspróf nám í landafræði, og enn fremur getur deildin sett stærðfræðideildarstúdentspróf sem skilyrði til inntöku í nám í nánar tilteknum greinum jarðvísinda. Deildin getur sett skilyrði um lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinaflokkum.

d. Kennsla.

Verkfræði- og raunvísindadeild veitir kennslu í undirstöðugreinum raunvísinda og verkfræði, sem hér segir:

1. Til almennra prófa (BS-prófa) í byggingar-, véla- og rafmagnsverkfræði. Véla- verkfræði greinist í vélaverkfræði og skipaverkfræði, rafmagnsverkfræði greinist í raforkuverkfræði og fjarskiptaverkfræði, en byggingarverkfræði greinist ekki.
2. Til fyrrihlutaprófa í eðlisverkfræði og efnaverkerfræði.
3. Til almennra prófa (BS-prófa) í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, jarðvísindum, landafræði og öðrum greinum raunvísinda eftir því sem ákveðið verður og fé veitt til.
4. Einstökum greinum raunvísinda í þágu annarra deilda háskólans, eftir því sem ákveðið er á hverjum tíma.
5. Í samvinnu við rannsóknastofnanir getur deildin skipulagt framhaldsnám allt að 30 e., (námseiningar sbr. 56. e.). fyrir þá, sem lokið hafa BS-prófi í raunvísindum.
6. Deildin getur staðið fyrir námskeiðum til upprifjunar og viðbótarnáms fyrir þá, sem lokið hafa háskólaprófi í verkfræði eða öðrum raunvísindum.

Nánar skal kennslugreinum lýst í kennsluskrá, sem deildin semur og lögð er fram í upphafi kennsluárs.

e. Námseiningar.

Námsmagn er metið í námseiningum (e). Ársnámið skiptist í 30 námseiningar og svarar hver eining til fullrar vikuvinnu í námi.

f. *Námstími og samval greina.*

Nám til BS-prófs í verkfræði miðast við fjögur ár (120 e.) og próf í lok hvers misseris. Fullnaðarprófið er fólgið í átta misserisprófum.

Fyrrihlutanám í eðlisverkfræði og efnaverkerfræði miðast við tvö ár (60 e.) og próf í lok hvers misseris. Að loknu fyrrihlutaprófi, sem fólgið er í fjórum misserisprófum, fær stúdentinn ekki háskólagráðu, en prófið miðast við framhaldsnám við erlenda tækniháskóla, sem deildin hefur samband við.

Til almennra prófa (BS-prófa) í öðrum greinum raunvísinda er krafizt minnst 90 námseininga, þar af minnst 45 e. í einni námsgrein og 30 e. í annarri, eða minnst 30 e. í þremur námsgreinum.

Kennsluárinu er skipt í tvö misseri. Haustmisseri er frá 28. ág. til 20. jan. og er kennslutími þar af 15 vikur frá 4. sept. til 19. desember. Vormisseri er frá 21. janúar til 31. maí og kennslutími 15 vikur frá 21. janúar til 14. maí. Halda má æfingánám-skeið utan þess tíma, sem að ofan getur.

Almennu prófi (BS-prófi) í verkfræði skal stúdent hafa lokið eigi síðar en fimm árum frá því hann var skráður í deildina. Fyrrihlutaprófi í eðlisverkfræði eða efnaverkerfræði skal stúdent hafa lokið á þremur árum og BS-prófi í öðrum greinum raunvísinda á fjórum árum. Deildin getur lengt frestinn um eitt ár, ef hún telur horfur á, að stúdent geti þá lokið prófinu, enda hafi hann ekki sýnt vanrækslu í námi. Er frestur er útrunninn, skal má nafn stúdents af stúdentatali. Nú innritast hann að nýju og er gildi fyrri prófa þá fallið.

Í flestum kennslugreinum eru æfingar, munnlegar, skriflegar eða verklegar, og skal stúdent sækja þær á tilætluðum tíma. Deildin setur reglur um það, hversu mikil þáttaka í æfingum og með hverri frammistöðu skuli skyld. Hún getur og sett ákvæði um frammistöðu stúdents í vissum prófum, áður en hann fái aðgang að ákveðnum námskeiðum.

7. gr.

57. gr. orðist svo:

Próf í verkfræði- og raunvísindadeild.

a. *Prófgreinir og prófflokkar.*

Prófgrein er hver sú námsgrein, sem sérstök einkunn er veitt fyrir. Prófgrein er að jafnaði 3—9 e.

Prófgreinum til fyrrihlutaprófs og BS-prófs í verkfræði er skipt í prófflokka. Hver prófflokkur er fólgin í tveimur misserisprófum sama kennsluárs. Nánar skal gera grein fyrir flokkaskiptingu prófgreina, samvali greinarhluta í prófgreinir, fjölda prófa og einkunna og niðurröðun prófa á misseri í kennsluskrá, sem deildin semur og lögð er fram í upphafi kennsluárs.

Prófgreinum til BS-prófa í öðrum greinum raunvísinda er einnig skipt í prófflokka og skal gera nánari grein fyrir því í kennsluskrá.

b. *Próftilhögun.*

Regluleg próf í verkfræði- og raunvísindadeild eru haldin í misserislök. Próftími í lok haustmisseris er tvær vikur (7.—20. janúar) og í lok vormisseris einnig tvær vikur (15.—31. maí). Sjúkra- og upptökupróf eru í fyrstu viku haustmisseris 28. ágúst til 3. september. Verkleg próf geta þó farið fram á öðrum tíma, og deildin getur ennfremur leyft próf á öðrum tíma vegna forfalla eða annarra sérstakra ástæðna.

Halda má prófæfingar utan próftíma. Við gjöf einkunna má taka tillit til prófæfinga og úrlausna æfingaverkefna, sem stúdent hefur leyst við námið. Prófæfingar og verklegar æfingar mega gilda allt að einum þriðja við einkunnagjöf á misserisprófi.

Skráður stúdent hefur rétt til að ganga undir próf, enda hafi hann lokið tilskildum æfingum, sbr. lið 56. f. síðustu málsgrein, og þreytt fyrri misserispróf.

Verkfræðistúdentar skulu þreyta misserispróf í heild. Aðrir stúdentar skulu taka próf í því sem næst 15 e. í lok hvers misseris, eftir því sem ákveðið er í kennsluskra. Heimilt er að endurtaka próf í einstökum prófgreinum og skal það þá gert í upphafi næsta haustmisseris. Ógildist þá próf, sem áður var tekið í greininni. Við endurtekningu prófs er ekki skylt að endurtaka verkleg viðfangsefni eða æfingar, sem metnar eru til prófseinkunnar, hafi þær áður verið teknar gildar. Próf í einstökum prófgreinum má ekki endurtaka nema einu sinni, nema deildin sjái lögmæta ástæðu til að veita undanþágu.

Nú er skráður í deildina stúdent, sem hefur þegar tekið með góðum árangri próf við erlendan háskóla í námsefni, sem samsvarar í aðalatriðum námsefni til vissra prófa í deildinni. Getur deildarráð þá heimilað að veita slíkum nemanda burtfararpróf án prófa í þessu námsefni, þó að jafnaði aðeins ef um verulegt námsefni er að ræða. Skal þá á prófskirtéini gerð grein fyrir þessum frávikum.

c. Einkunnastigi.

Einkunnir skal skrá í heilum tölum frá 0 til 10. Greini prófdómara og kennara á, hlýtur stúdent þá einkunn í heilli tölu, sem næst liggur meðaltali kennara og prófdómara.

Meðaleinkunn prófflokks er vegið meðaltal einstakra prófseinkunna í þeim greinum, sem heyra undir flokkinn, en aðaleinkunn er vegið meðaltal allra prófseinkunna.

Meðaleinkunnir reiknast með einum aukastaf. Aðaleinkunn 9,0—10 er ágætiseinkunn, 7,3—8,9 er I. einkunn, 6,0—7,2 er II. einkunn og 5,5—5,9 er III. einkunn.

Fyrir vogtölum einkunna skal gera grein í kennsluskra, sbr. lið 57 a, en þær eru í samræmi við námsmagn prófgreinanna.

d. Prófkjöfur.

Til þess að standast BS-próf verður stúdent að hafa hlotið:

1. Eigi lægra en 4 í hverri prófgrein.
2. Eigi lægri meðaleinkunn en 5,5 úr hverjum prófflokki.
3. Í verkfræði eigi lægri aðaleinkunn en 6,0.

e. Gildistaka.

Reglur þær um nám í verkfræði- og raunvísindadeild, sem hér eru settar, skulu gilda um stúdenta, sem innritast eftir 1. júní 1970.

8. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. júlí 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.